

Nd.

446. Frumvarp til laga

[207. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða“ í 3. másl. 1. mgr. 69. gr. laganna komi: fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt þungaskatti og skoðunargjaldi bifreiða, og skal um endurgreiðslu iðgjaldsins vegna innilegu skrásetningarnúmers, ef til kemur, farið eftir þeim reglum, sem gilda um endurgreiðslu þungaskatts í slíkum tilfellum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa iðgjöld af ökumönnum bifreiða fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá sömu upphæð dregna frá iðgjaldi því, sem þeim ber að greiða af ökumönnum bifreiða árið 1964 samkvæmt lögum þessum, eða fá hana endurgreidda, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðslsréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngumálaráðherra hefur sent nefndinni frumvarp þetta með ósk um, að hún flytti það. Hefur nefndin orðið við þeirri ósk, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. við það. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Í frumvarpi til laga um breyting á vegalögum, nr. 71/1963, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er ráðgert að innheimta þungaskatt af bifreiðum árið 1964 og framvegis fyrirfram. Verður þá vart hjá því komizt að hafa sama hátt á um skoðunargjald bifreiða og iðgjald af ökumönnum bifreiða og innheimta þau einnig fyrir fram. Hitt væri illfrankvæmanlegt, að láta gjöld, sem innheimt eru saman, miðast við tvenns konar tímabil.